

Fljótsdalshérað
Sigurður Jónsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík 8. september 2020
UST202008-241/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga- Deiliskipulag fyrir Selskóg í Fljótsdalshéraði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Selskóg í Fljótsdalshéraði.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er 55 hektarar að stærð og afmarkast af Selbrekkuhverfi og Hringvegi um Fagradal til suðurs, Seyðisfjarðarvegi til vesturs og Eyvindará og Háslæk til norðurs og austurs. Auk þess kemur fram að deiliskipulagið gengur út á að gera grein fyrir framkvæmdum, umfangi, aðgengi, bílastæðum, göngustígum og skilmálum. Lagt verður upp með að allar framkvæmdir valdi sem minnstu raski á landslagi og náttúru, tímabundið sem og til frambúðar.

Birki

Í greinargerð kemur fram að megin gerðir gróðurs á svæðinu eru gamall birkiskógur, mýrar, eyrar, gömul tún og kletta- og giljagróður. Auk þess kemur fram að Egilsstaðaskógur sé á náttúruverndaráætlun 2009-2013 þar sem um er að ræða birkiskóg sem er mikilvægt búsvæði margra sjaldgæfra lífvera, einkum fléttna.

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins geti verið birkiskógur sem fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask birkiskógarins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga m.a. við stígagerð og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir

röskun á birki þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Bakkagróður

Tillagan gerir ráð fyrir tveimur brúm yfir Eyvindará. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Brú og ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að brýrnar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Umhverfisáhrif - Miðhúsaskógur

Tillagan gerir ráð fyrir brú sem liggur yfir í Miðhúsaskóg sem er náttúrulegur birkiskógur að stórum hluta. Miðhúsaskógur er fyrir utan deiliskipulagsmörkin en ekki er sýndur göngustígur frá brúnni inn í skóginn í tillögunni.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um gönguleið frá fyrirhugaðri brú inn í Miðhúsaskóg, umhverfisáhrif metin og það komi fram í tillögunni hvort rask verði á birkitrjám og gróðri. Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum

framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Trjátegundir

Í greinargerð kemur fram að á svæðum þar sem hætta er á að eldar kvikni, til að mynda á grillsvæði og við rafmagnstengla, skal gróðursetja hægbruna trjátegundir, s.s. uppkvistað lerki eða ösp.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í deiliskipulagsskilmála.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að plantað sé fjölbreyttum trjátegundum, en með gróðursetningu á fjölbreyttum trjátegundum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur